

Sveitarfélagið Ölfus

Sigurður Jónsson, skipulags- og  
byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



Reykjavík, 8. maí 2018  
Tilvísun: 2016010045  
GVGU/  
Tilv. ykkar:

### **Efni: Breikkun Hringvegjar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum, umsókn um framkvæmdaleyfi**

Vegagerðin, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til breikkunar Hringvegjar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Framkvæmdin nær yfir þrjú sveitarfélög, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Hveraberðisbæ. Þessi umsókn er send samhliða til þessara þriggja sveitarfélaga.

Breikkun Hringvegjar er í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna og lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og var matskýrsla Vegagerðarinnar staðfest af Skipulagsstofnun árið 2010. Frá 2010 var veglínu Hringvegjar um Hveragerði breytt og var leitað eftir álit Skipulagsstofnunar árið 2017. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að breytingarnar væru ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því skyldi breytingin ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum eins og kemur fram í bréfi Skipulagsstofnunar 11. janúar 2018. Matskýrslu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna og fækkun tenginga við Hringveg ásamt því að auka umferðarrýmð vegakerfisins milli Hveragerði og Selfoss.

Í matskýrslu Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum 2+2 vegar með mislægum vegamótum. Ekki verða byggð mislæg vegamót í fyrsta áfanga framkvæmda en rými tekið frá fyrir þau í framtíðinni í samræmi við matskýrslu og skipulagsáætlanir.

Breikkun Hringvegjar byrjar frá Kambarótum og sveigir fljótlega frá núverandi Suðurlandsvegi í samræmi við aðalskipulag Hveragerðisbæjar en fylgir veglínu núverandi vegar frá Varmá. Vegamót við Þorlákshafnarveg færast um rúmlega 300 m til suðurs. Á tveimur stöðum vikur veglína frá núverandi vegi. Á kaflanum frá Kotstrandskirkju að Hvammsvegi eystri (um 2,5 km) og um Þórustaðamýri frá Þórustaðanámu að Biskupstungnabraut (um 2,0 km). Á þeim köflum mun núverandi vegur nýtast áfram sem hliðarvegur. Ný vegamót Hringvegjar og Biskupstungnabrautar færast um tæplega 200 m til norðurs. Sjá nánar á skýringaruppráttum.

Auk breikkunar Hringvegjar á um 12 km kafla verða byggðir alls um 9 km af nýjum hliðarvegum og tengingum. Með því móti verður umferð innan sveitarinnar mun öruggari auk

Þess sem hliðarvegir nýtast að stórum hluta fyrir göngu- og hjólaleiðir. Með því móti verður til samfelld göngu- og hjólaleið milli þéttbýliskjarnanna Hveragerðis og Selfoss.

Í framkvæmdinni verður vegurinn byggður upp sem fjögurra akreina vegur, en slitlagið verður lagt sem þriggja akreina vegur með vegriði á milli gagnstæðra akreina eftir framkvæmd.

Byggð verða 4 ný vegamót við Hringveg og alls verða byggðar 12 nýjar brýr og undirgöng eins og sjá má á meðfylgjandi uppdráttum. Efni í framkvæmdina verður sótt í opnar námur á svæðinu sem eru í rekstri og með tilskilin leyfi. Einnig verður nýtt efni sem kemur úr skeringum í og við hlið vegar.

Framkvæmdin hefur fengið meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er vísað um það til álits Skipulagsstofnunar dags. 14. júní 2010.

Matsskýrslu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar.

<http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsskyrslur/nr/3755>

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélaganna á svæðinu, Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Sveitarfélagsins Árborgar.

Vegagerðin hefur ekki lokið samningum við landeigendur á svæðinu en samningaviðræður standa yfir. Náið samráð hefur verið haft við landeigendur um útfærslur framkvæmdarinnar nú síðustu misserin. Fyrst í tengslum við mat á umhverfisáhrifum og svo nú við frekari hönnun. Framkvæmdin hefur verið kynnt formlega fyrir landeigendum þar sem áhrifum er lýst sérstaklega fyrir hverjum og einum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir. Nokkrar tillagna hafa leitt til breytinga á útfærslu framkvæmda en margir landeigenda hafa hins vegar engar athugasemdir gert. Í kjölfarið hefur Vegagerðin sent landeigendum tilboð um bætur og kaup á landi vegna fyrirhugaðra framkvæmda og svarað athugasemdum sem fram hafa komið. Vegagerðin gerir ráð fyrir að ljúka þeim samningum nú í sumar. Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna áhrif framkvæmdarinnar á hverja og eina jörð í samræmi við það sem kynnt hefur verið.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist á árinu 2018 og að framkvæmdatími verði 3 til 4 ár. Samgönguáætlun liggur ekki fyrir og því eru framkvæmdir ekki fullfjármagnaðar og því ekki hægt að fullyrða um hvenær framkvæmdum lýkur.

Meðfylgjandi er yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd ásamt uppdráttum þar sem áhrif á hvern og einn landeiganda er lýst.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Valur Guðmundsson